

Úrskurður amtmanns.

43

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra bæjarfógeti, dagsett 2. f. m., þar sem þjer leggið undir úrslit amtsins ágreining þann, sem er milli yðar og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um sveitfesti tómtþúsmanns Egils Jónssonar hjer í bænum, og enn fremur þóknanlegt brjef yðar, dagsett 20. f. m., ásamt nánari skýrslu snertandi þetta mál, er svolátandi úrskurður á það lagður.

Nokkru eptir að Egill þessi Jónsson, sem er fæddur í Skildinganesi í Seltjarnarneshreppi á árinu 1858, hafði útendað 10 ára dvöl hjer í bænum, varð hann að segja sig til sveitar um síðastliðnar veturnætur sökum heilsuleysis, en fátækranefndin í Reykjavík hefir haldið því fram, að hann hafi dvalið hjer í ólöglegri húsmennsku frá því um vorið 1891 þar til hann fjekk tómtþúsenskuleyfi 11. sept. s. á., og hafi hann því eigi áunnið sjer sveitfesti hjer, heldur eigi hann sveit í fæðingarhreppi sínum eptir því, sem að öðru leyti sje fram komið. Um þessa dvöl hans hjer í bænum er það upplýst, að hann fyrst framan af var lausamaður, þar til hann á vorinu 1891 tók saman við núverandi konu sína og settist að í húsmennsku, en í janúarmánuði s. á. hafði fátækranefndin synjað honum um húsmennskuleyfi, sem hún svo veitti honum í septbr. s. á, eins og sagt er að framan. Að vísu hefir fátækranefndin haldið því fram, að hún ekki hafi vitað neitt um húsmennskudvöl hans hjer í bænum frá því um vorið 1891 þangað til í septbr. s. á., en þar sem hún orðalaust að því leyti, er snertir þessa dvöl hans hjer, sem þó hlaut að koma fram, þá er hann sótti um húsmennskuleyfið, veitti honum það, þá hefir nefndin eins og látið það gott heita, að hann hafði dvalið hjer sumarið yfir á fyrsagðan hátt, enda verður amtið að álíta, að fátækranefndin eigi að hafa umsjón með því, að fólk sitji hjer eigi í ólöglegri húsmennsku og tómtþúsenskulu, sbr. Endurskoðaða samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, 4. desbr. 1888, 4. gr. Nefndin verður þannig að álitast að hafa þegjandi samþykkt húsmennskudvöl Egils Jónssonar hjer í bænum frá því um vorið 1891 þar til í septbr. s. á. með fyrgreindri framkomu sinni, og hann að hafi áunnið sjer sveitfesti í Reykjavík með 10 ára óslitinni dvöl sinni þar.

Þetta gefst yður hjer með þjenustusamlega tii vitundar yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir fátækranefndinni.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur- 44**  
**amtinu um sveitfesti þurfalings.** — Í brjefi, dagsettu 2 þ. m., hafði þjer, 11. apríl  
 herra amtmaður, látið uppi álit yðar um erindi hreppsnefndarinnar í Skógarstrandarhreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 21. sept. f. á., er staðfestir úrskurð sýslumannsins í Snæfellsness- og Huappadalssýslu um að Sigurður nokkur Bergsson skuli vera sveitlægur í Skógarstrandarhreppi og að þessi hreppur skuli endurgjalda Neshreppi utan Ennis 18 króna sveitarstyrk, er veittur var Sigurði af hreppsnefnd síðarnefnds hrepps í marz 1897.

Ut af þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg verð að vera yður samdóma um, að umræddur styrkur geti alls eigi álitizt hafa verið veittur að ófyrirsynju, og verði að teljast löglega veittur sveitarstyrkur, skal úrskurður yðar standa óraskaður.

## Úrskurður amtmanns.

Þjer hafið, velborni herra sýslumaður, 7. sept. f. á. úrskurðað, að Sigurður nokkur Bergsson á Litlu Hellu í Neshreppi utan Ennis skuli áltast sveitlægur í Skógarstrandarhreppi, og að hreppsnefndin þar eigi að endurgreiða hreppsnefndinni í Neshreppi utan Ennis fátækrastyrk þann, sem veittur var nefndum Sigurði í marz 1897, og eptir að hreppsnefndin í Skógarstrandarhreppi hefir áfryjað þessum úrskurði til amtsins, og það hefir meðtekið þóknanleg brjef yðar, dagsett 17. febr. þ. á. og 6 þ. m., og þar með yfirlýsing hreppsnefndarinnar í Neshreppi utan Ennis, og ýmsar upplýsingar snertandi þetta mál, er svolátandi úrskurður lagður á það.

Samkvæmt málgögnum þeim, sem fyrir liggja, er Sigurður Bergsson fæddur í Neshreppi utan Ennis, en eptir að hann hafði áunpið sjer sveitfesti í Skógarstrandarhreppi með 21 árs samfleyttri dvöl þar frá því hann komst af ómagaldri, fluttist hann í Neshrepp utan Ennis á hjúaskildaga 1887 og flengdist þar. Seint á 10. ári dvalarinnar í nefndum hreppi varð hann sökum veikinda og bjargarleysis að leita sveitarstyrks, sem svo var honum veittur í marz 1897, að löglega framfarinni aðsjónargjörð. Styrkurinn, sem veittur var í korni, feitmeti og sykri, nam 18 krónum, og hefir hreppsnefndin í Skógarstrandarhreppi haldið því fram, að styrkurinn hafi verið veittur að nauðsynjalausu, og að hann því væri ólögmetur, svo Sigurður Bergsson hafi unnið sjer sveitfesti í Neshreppi utan Ennis með samfleyttri 10 ára dvöl þar, er hafi verið fullkomnuð þegar eptir hjúaskildaga 1897. Hreppsnefndin í Skógarstrandarhreppi hefir einnig mótmælt lögmeti styrksins, af því að Sigurður hefði í skriflegri beiðni til sveitarstjórnarinnar farið þess á leit, að sjer yrði »lánað« af sveitarfje, en það er hvorttveggja, að það kemur í sama stað niður, hvort þurfalingur biður um lán af sveitarfje eða styrk, enda er það alls eigi skilyrði fyrir lögmeti sveitarstyrks að beiðni hafi verið um hann.

Að því leyti er snertir spursmálið um, hvort styrkurinn hafi verið veittur að nauðsynjalausu, þá verð eg að vera yður samdóma um, að svo hafi eigi verið. Við hina framförunu aðsjónargjörð er talið, að matbjörg sú, sem til var á heimilinu, þar sem húsbóndinn lá veikur, hafi samsvarað 3 daga forða, en matbjörg þessi var 5 harðir smáfiskar, 1 til 2 pd. af rúgi og bankabyggi til samans og á að gizka 1 til 2 pd. af feitmeti, handa 2 fullorðnum og 4 börnum. Eigur Sigurðar að öðru leyti var 1 kvíga óborin að fyrsta kálfi, 2 lömb og hryssa með folaldi, sem varð reglulega veðsett verzlun í Ólafsvík 4 dögum eptir að Sigurður Bergsson sagði sig til sveitar, en eptir þeim upplýsingum, sem fyrirliggja, hefir þó svo þagar áður verið til ætlazt, að bæði kvígan og hryssan væru til tryggingar kaupstaðarskuldum Sigurðar. Heimili Sigurðar var svo að segja alveg bjargarlaust, þá er hinn umræddi fátækrastyrkur var honum veittur í marz 1897 án þess hægt væri eptir atvikum og árstíma að nota þær fáu skepnur, sem hann var talinn að eiga, til að bæta úr bágingum hans. Eptir endurriti úr sveitarbókinni hefir Sigurður enn þegið 13. maí 1897 kornmat fyrir 3. kr. 50. au. og til mjólkurkaupa 2 kr. 50 au. Auk þess hafði hann ekki getað borgað kennslueyri með einu barni sínu 1896—97. Við þetta bætist, að hinn þáverandi oddviti í Skógarstrandarhreppi, Jón Jónsson á Valshamri, hefir á árinu 1895 látið Sigurð Bergsson fá 72 kr. í ávisun upp á eina verzlun í Ólafsvík. Haustið 1896 fjekk hann frá sama manni afláttarhross og 1897, nokkru eptir nýjár, 36 kr. í peningum, en hvernig sem þessum styrkveitingum hefir verið varið, þá sýna þær örbyrgð Sigurðar og er alllíklegt, að hann hefði orðið að segja sig fyr til sveitar, en hann gjörði, hefðu þær eigi komið til. Jeg hefi að vísu eigi fundið ástæðu til, að láta rannsaka nákvæmar, hvernig á þessum styrkveitingum hefir staðið, þar sem það, án nokkurs tillits til þeirra, er fullsannað, að kringumstæður Sigurðar Bergssonar hafi verið svo, á er hann þáði hjálp af Neshreppi utan Ennis, að styrkurinn hafi verið löglega veittur.

Amtið er yður því samdóma um, að hinu umræddi styrkur, sem veittur var Sigurði Bergssyni í marz 1897 af sveitarfje Neshrepps utan Ennis, hafi verið lögmætur og því slitið sveitfestisdvöl hans í nefndum hreppi, og skal fyrnefndur úrskurður yðar í máli þessu standa óhaggaður.

44

Þetta gefst yður hjermeð þjenustusamlega til vitundar yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndunum í Skógarstrandarhreppi og Neshreppi utan Ennis.

## Auglýsing

45

um

19. marz

að burt skuli falla árið 1900 aukapóstferðirnar milli Stórafjarðarhorns og Kleifa í 5.—12., og milli Saurbæjar og Skipaskaga í 6.—12. ferð landpóstanna.

Svo hefir verið kveðið á um, að burt skuli falla í 5.—12. póstferð landpóstanna 1900 aukapóstferðirnar milli Stórafjarðarhorns og Kleifa (þriðji Stranda-sýslupósturinn) og aukapóstferðirnar milli Saurbæjar og Skipaskaga (fyrsti Borgarfjarðarpóstur) í 6.—12. ferð landpóstanna s. á.

Þetta er öllum hlutaðeigendum til vitundar gefið.

Reykjavík, 19. marz 1900.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

**Magnús Stephensen.**

Jón Magnússon.

## Samþykkt

46

### um kynbætur hrossa í Vesturskaptafellssýslu.

Sýslunefndin í Vesturskaptafellssýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Vesturskaptafellssýslu.

#### 1. gr.

Á hausthreppaskilum ár hvert skal breppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar annast um, að kosin sje 3 manna nefnd, er hafi nákvæmt eptirlit með kynbætur hrossa, samkvæmt reglum þeim, sem hjer eru settar. Nefndarmenn kjósa sjer formann, er stýrir gjörðum nefndarinnar.

#### 2. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til nefndar þessarar hefir hver búandi og búlaus maður í hreppnum, sem ekki er öðrum háður sem hjú og er hver sá skyldur að taka á móti kosningu 3 ár í senn. Að þeim tíma liðnum getur hann neitað að taka á móti kosningu jafnlangan tíma.